

Landssamband DKG

Sjöundi fundur stjórnar landssambands DKG á Íslandi, var haldinn á Egilsstöðum 4. maí 2018 og hófst kl. 21.07.

Mættar: Jóna Benediktsdóttir, Helga G. Halldórsdóttir, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Jónína Hauksdóttir og Eygló Björnsdóttir. Helga Magnea Steinsson var fjarverandi.

Dagskrá:

1. **Erindi frá Kathrin Hodgson, sem er formaður Evrópuforum.** Í bréfinu er beðið er um tengingar við konur sem eru að vinna að ákveðnum verkefnum þar sem unnið er með umburðarlyndi í skólastarfi og markmiðið er að kynna verkefnin í Austin. Samþykkt að Jóna svari Kathrin til að fá frekari upplýsingar, einkum hvort hægt sé að senda vefsíður á íslensku.
2. **Dagsetning framkvæmdaráðsfundar í haust.** Ákveðið að halda fundinn í Reykjavík 8. september. Tekin verður ákvörðun um staðsetningu síðar.
3. **Undirbúningur fyrir ráðstefnuna 2019.** Forseti tilkynnti að Ingileif Ástvaldsdóttir hefði tekið við formennsku í kynningarnefndinni. Nefndin er að undirbúa kynningarefni fyrir ráðstefnuna í Austin í Texas í sumar á Evrópuráðstefnunni 2019. Verið er að búa til upplýsingasíðu fyrir Evrópuráðstefnuna á Íslandi.

Það er nefnd sem sér um dagskrá ráðstefnunnar, en forseti varpar fram þeirri hugmynd hvort fá eigi Ingva Hrannar Ómarsson til að halda fyrirlestur um hvernig skólar geti mætt nemendum framtíðarinnar. Hann hefur fengið tilnefningu sem einn af 100 áhrifaríkustu skólamönnum Evrópu. Stjórninni lýst vel á að stinga þessari hugmynd að dagskrárnefndinni. Hægt að fylgjast með honum á Twitter m.a. menntaspjalli annan hvern sunnudag milli 11-12. Hann starfar í Árskóla á Sauðárkróki. Einnig kom fram hugmynd til skemmtinefndar um að fá 11 ára gamla stúlku, sem er undrabarn til að spila á píanó í tengslum við ráðstefnuna. Forseti kemur þessum ábendingum á framfæri við nefndirnar.

Enn vantar konur í undirbúningsnefndir fyrir þingið. Konur vantar í allar nefndir nema kynningarnefnd. Forseti auglýsir eftir sjálfboðaliðum í setningaræðunni á morgun.

4. **Önnur mál.**
 - a. Umræða um fréttabréf forseta. Samþykkt að kaupa aðgang að SMORE ef nauðsyn krefur.
 - b. Boðið verður á kynningarfundi á netinu þar sem farið er yfir tillögur að breytingum á stjórnarskrá DKG. Fundirnir eru 8. og 19. maí sá fyrri kl. 17.00 en seinni kl. 11 am at central daylight time, eða 10 að kvöldi og 16 síðdegis. Stjórnarkonur geta sótt þessa fundi. Umræður urðu um stjórnarskrárbreytingar í framhaldinu.

Fundi slitið kl. 22.55.